



Rauði krossinn
Reykjavík

Ábyrgðarmaður: Þórir Guðmundsson
Forsíðumynd: Stefán Karlsson
Hönnun og umbrot: Argh!
Prentun: GuðjónÓ



Efnisyfirlit

Ávarp stjórnar: Víðtækt samstarf stuðlar að langtíma árangri	4
Ávarp deildarstjóra: Byggjum betra samfélag	5
Ný stjórn, ný stefna	6
Jaðarsettir hópar	
Frú Ragnheiður – heilbrigðisaðstoð á götum úti.....	8
Konukot – athvarf fyrir heimilislausar konur	9
Vin – athvarf fyrir fólk með geðraskanir	10
Viðtal við Hrafn Jökulsson: Það er sjálfsagt að vera sjálfboðaliði	12
Verkefni koma, fara og þróast	13
Prengingar	
Fjölskyldumiðstöð	14
Heimsóknarvinir	14
Fatakort	15
Áfallasjóður stofnaður	16
Að tala máli mannúðar	17
Innflytjendur og flóttafólk	
Tvær myndir sem breyttu öllu	18
Flóttamenn – stuðningur við þrjá ólíka hópa	20
Heilahristingur – aðstoð við heimanámið	21
Þjargir	
Fjáröflun	21
Sjálfboðamiðstöð í lykilhlutverki	22
Kvennadeild	23
Stjórn, verkefnastjórnir og starfsmenn	24

Víðtækt samstarf stuðlar að langtíma árangri

Í Reykjavík er starfrækt fjölmennasta deild Rauða krossins á Íslandi. Starfsemi hennar er hlekkur í stórrí keðju deilda og landsfélaga sem starfa um allan heim. Rauði krossinn er mannúðarhreyfing sem vinnur að því að skapa betra samfélag.



Ragnar
Þorvarðarson.



Árni
Gunnarsson.

Hlutverk stjórnar er m.a. að stuðla að langtíma árangri deildarinnar og annast um að starfsemi hennar sé í góðu horfi. Stjórn er falin sú mikla ábyrgð að ráðstafa fjármunum deildarinnar á ábyrgan hátt til að þeir nýtist skjólstæðingum okkar eins vel og mögulegt er. Þau verkefni sem við sinnum taka reglulega breytingum, en í lögum Rauða krossins segir að hver deild skuli greina brýnustu þarfir fyrir starf í anda félagsins á starfssvæði sínu og haga störfum sínum eftir niðurstöðum þarfagreiningarinnar.

Flutningur í Efstaleiti

Á árinu var tekin ákvörðun um að draga úr yfirbyggingu til að skapa svigrúm í rekstri deildarinnar. Eftir skamma viðveru í leiguhúsnæði á Skúlagötu 21 ákvað stjórn að flytja starfsemina á jarðhæð í húsi Rauða krossins í Efstaleiti.

Flutningurinn var ákveðinn í framhaldi af þarfagreiningu samhliða hagstæðum samningum við landsskrifstofu. Einnig var samið við landsskrifstofu um að sinna allri bókhalds- og fjármálaþjónustu fyrir Rauða krossinn í Reykjavík. Í Efstaleitið koma nú bæði sjálfbóðaliðar og skjólstæðingar alla daga og þar hittist daglega starfsfólk landsskrifstofu og deildar. Það stuðlar að bættum samskiptum og samhæfingu í verkefnum innan Rauða krossins hér á landi.

Stefnumótun og samtal við félagsmenn

Í framhaldi af þeim breytingum sem ráðist var í ýtti stjórn deildarinnar, í samstarfi við starfsfólk, af stað stefnumótunarvinnu. Stjórn boðaði til opins félagsfundar í desember þar sem m.a. voru kynnt drög að stefnu deildarinnar til ársins 2020. Fundurinn var einnig liður í að efla samtal við félagsmenn. Ný stefna deildarinnar til næstu fimm ára var í framhaldi samþykkt í stjórn, en nánar er fjallað um hana hér í þessari ársskýrslu.

Heilbrigður rekstur styður við verkefni

Það eru gleðifréttir að þær hagræðingaraðgerðir sem ráðist var í hafa ekki haft sjánleg áhrif á þjónustu deildarinnar. Þvert á móti hefur verið hægt að ýta nýjum verkefnum úr vör sem styðja á enn fjölbreyttari hátt við borgarbúa.

Metnaður forsvarsmanna Rauða krossins í Reykjavík liggur eftir sem áður í því að reka öfluga og vel starfandi deild með það að leiðarljósi að rekstur sé heilbrigður og styðji þannig við verkefni. Við leggjum auk þess áherslu á gott samstarf við aðrar deildir á höfuðborgarsvæðinu og eigum nú þegar í fjölbættu samstarfi á þeim vettvangi.

Margir nýir sjálfbóðaliðar

Fjöldi nýrra sjálfbóðaliða kom til starfa hjá Rauða krossinum í Reykjavík á starfsárinu. Það má að miklu leiti rekja til áhuga fólks á sjálfböðnu starfi í tengslum við komu flóttafólks hingað til landsins. Það hefur einnig verið afar ánægjulegt að sjá áhuga almennings smitast út í þau margvíslegu verkefni sem deildin sinnir í Reykjavík.

Kvennadeild 50 ára

Einn af burðarásunum í sjálfbóðaliðastarfi Rauða krossins í Reykjavík er



Elhadj As Sy framkvæmdastjóri Alþjóðasambandsins heimsótti Rauða krossinn í Reykjavík og ræddi meðal annars við stjórn og starfsmenn deildarinnar.

Byggjum betra samfélag

Í samanburði við næstum hvaða land í heiminum sem er, þá er á Íslandi gott samfélag. Það gæti samt verið betra.



Þórir Guðmundsson.

Á höfuðborgarsvæðinu – þar sem tveir þriðju landsmanna búa – hefur verið að myndast borgarsamfélag á síðustu árum. Þetta hefur gerst hljóðlega og nánast óafvitandi. Við vitum að fólk hefur flust úr sveit í bæ. Kvikmyndir og bækur hafa fjallað um það. En þær fjalla minna um það sem við tekur. Lífið í borginni.

Í borginni er að finna jaðarsetta hópa. Það eru hópar fólks sem finna sig á jaðri samfélagsins af einni eða annarri ástæðu. Þegar við ræðum við einstaklingana í þessum hópum þá kemur oft í ljós að í þeim býr mikill mannauður, auður sem samfélagið og þeir sjálfir fara á mis við vegna jaðarsetningarinnar.

Fjöldi fólks býr við þrengingar af ýmsu tagi, bæði félagslegar og efnislegar. Í mörgum tilfellum vantar ekki nema herslumun til að einstaklingarnir geti snúið vörn í sókn. Einstæð móðir sem

þarf skyndilega að greiða háar upphæðir í heilbrigðiskostnað fellur fljótt í hringrás vanskila og lendir í basli sem erfitt er að komast upp úr. Fjölskylda með ungling í óreglu fer að beita hrópum fremur en samræðu og smám saman verður fjölskyldulífið óbærilegt.

Langflestir innflytjendur hafa hin síðustu ár tekið upp búsetu í Reykjavík og nágrenni. Mest berskjaldaðir eru þeir sem koma til landsins sem hælisleitendur, fá dvalarleyfi og finna sig í nýju samfélagi mállausir og utanveltu, en með fítonskraft og ofurvilja til að koma undir sig fótunum.

Flestir einstaklingarnir í þessum þremur hópum eiga það sammerkt að glíma við tímabundna örðugleika. Með réttum stuðningi á örlagastund geta þeir sjálfir fóttað sig betur á svelli lífsins.

Hjálparstarf Rauða krossins í Reykjavík miðar að því að veita þennan stuðning. Þungamiðjan í stefnu deildarinnar, sem var mótuð á árinu 2015, er að styðja einstaklinga og fjölskyldur til sjálfshjálpar.

Skaðaminnkandi heilbrigðisstuðningur sem veittur er í Frú Ragnheiði er dæmi

um þetta. Hjálpin er veitt af fordómaleysi í samræmi við grundvallarhugsjónir alþjóðahreyfingar Rauða krossins og Rauða hálfmánans um hlutleysi, óhlutdrægni og sjálfstæði.

Hið sama má segja um athvörfin Konukot og Vin. Í Konukoti eiga heimilislausar konur víst næturathvarf. Fólk með geðraskanir getur heimsótt Vin á daginn og átt þar samneyti við aðra sem eiga við svipaðan heilbrigðisvanda að etja.

Með nýstofnuðum áfallasjóði og úthlutun fatakorta kemur Rauði krossinn til móts við þá íbúa höfuðborgarsvæðisins sem búa við efnislegar þrengingar. Fjölskyldumiðstöð Rauða krossins í Reykjavík styður fjölskyldur sem kljást við samskiptavanda. Þær þurfa í mörgum tilvikum bara einfaldar leiðbeiningar til að snúa við vondu fjölskyldumunstri. Heimsóknarvinir færa birtu í daglegt líf einangraðra, aldraðra og sjúkra.

Heimanámsaðstoð við börn af erlendum uppruna styður börn sem ekki hafa stuðning af foreldrum sínum við heimalærdóminn. Undir lok ársins var lagt upp með Opið hús fyrir innflytjendur, þar sem sjálfboðaliðar aðstoða fólk við innkomuna í nýtt land, svo sem að leigja sér íbúð eða fá vinnu.

Við búum í góðu samfélagi. En ekki eiga allir einstaklingar samfélagsins nógu gott líf. Við – 23 starfsmenn, 750 sjálfboðaliðar og 8.000 félagar í Rauða krossinum í Reykjavík – getum gert okkar til að gera gott samfélag enn betra.

Byggjum betra samfélag. +

Þórir Guðmundsson
deildarstjóri Rauða krossins í Reykjavík

Kvennadeild, en á árinu 2016 verður haldið upp á 50 ára afmæli hennar. Kvennadeild var stofnuð árið 1966 af nokkrum stórhuga konum og heldur starfsemi hennar áfram að dafna, ár frá ári. Það verður ánægjulegt að fylgjast með afmælisviðburðum sem ætlað er að vekja athygli á því mikilvæga starfi sem er unnið á vettvangi deildarinnar.

Spennandi tímar framundan

Ljóst má vera að stjórn hefur ráðist í

miklar breytingar innan deildarinnar á yfirstöðnu ári. Framundan eru spennandi tímar fyrir Rauða krossinn í Reykjavík og verður ánægjulegt að taka áfram þátt í að byggja upp þessa fjölmennustu deild landsins. Það er ætlun okkar að vinna áfram með skjólstæðingum og sjálfboðaliðum að verkefnum sem bæta lífsgæði fólks og stuðla að aukinni virðingu fyrir fjölbreytileika samfélagsins hér í höfuðborginni.

Að lokum viljum við þakka Kristínu S. Hjálmtýsdóttir, fyrrum formanni, fyrir óeigingjörn störf í þágu deildarinnar á síðasta starfsári en hún lét af embætti þegar hún tók við stöðu framkvæmdastjóra landsskrifstofu í janúar 2016. +

Ragnar Þorvarðarson,
formaður stjórnar

Árni Gunnarsson,
gjaldkeri stjórnar

Ný stjórn – ný stefna

Rauði krossinn hefur þá miklu sérstöðu meðal mannúðarfélaga að einbeita sér ekki að einu málefni heldur horfa á samfélagið í heild sinni og móta starfið eftir þörfunum hverju sinni. Það þýðir meðal annars að félagið þarf að vera reiðubúið að hætta störfum að einstaka verkefnum og snúa sér að nýjum, eftir aðstæðum.

Þetta er meiri áskorun en ætla má í fyrstu. Sú breiða sýn sem Rauði krossinn hefur á samfélagið gerir þá kröfu til félagsins að forgangsraða í þágu þeirra sem hafa brýnasta þörf hverju sinni. Þá þarf stundum að hætta í verkefnum sem unnið hefur verið að árum og áratugum

saman og stökkva út í djúpu laugina með því að vinna að nýjum málefnum, starfa með nýjum skjólstæðingum.

Á aðalfundi í mars, 2015, var kjörinn nýr formaður félagsins, Kristín S. Hjalmtýsdóttir. Um sumarið var ráðinn nýr

Berskjaldaðir einstaklingar og fjölskyldur

„Rauði krossinn í Reykjavík leggur áherslu á valdeflandi stuðning við berskjaldað fólk í öllum hverfum borgarinnar. Deildin bregst við brýnum þörfum fólks sem býr við þrengingar í þeim tilvikum sem opinber stuðningur er ekki til staðar eða nægir ekki. Deildin greinir reglulega þörfina í nærsamfélaginu, og getu Rauða krossins til að mæta henni, og hagar starfi sínu í samræmi við niðurstöðuna.

JAFÐARSETTIR HÓPAR - Rauði krossinn í Reykjavík aðstoðar fólk sem er jaðarsett í samfélaginu af ýmsum ástæðum, svo sem vegna fíknar, heimilisleysis eða geðröskunar. Aðstoðin er í því formi sem hentar þörfinni og er á færi deildarinnar að veita. Heilbrigðisaðstoð hefur að leiðarljósi hugmyndafræði skaðaminnkunar.

FÓLK SEM BÝR VIÐ PRENGINGAR - Rauði krossinn í Reykjavík veitir efnislega og félagslega aðstoð eftir megni í þeim tilgangi að létta undir með fólki sem býr við kröpp

kjör, verður fyrir áföllum eða er einangrað. Starfið hefur það að markmiði að hjálpa til sjálfshjálpar.

INNFLYTJENDUR OG FLÓTTA-FÓLK - Rauði krossinn í Reykjavík vinnur að árangursríkri aðlögun innflytjenda í íslensku samfélagi og gegn mismunun á grundvelli uppruna eða trúar. Deildin leggur sérstaka áherslu á aðstoð við flóttafólk og börn af erlendum uppruna. Hafa skal í huga fjölbreyttan uppruna þeirra sem nýta sér aðstoð deildarinnar við almenna upplysingamiðlun hennar.“

Sjálfböðla- og ungmennastarf

„Rauði krossinn í Reykjavík stefnir á að vera fyrsti kostur þeirra sem áhuga hafa á þátttöku í sjálfböðla starfi að mannúðarmálum innan höfuðborgarinnar.

Lögð er áhersla á að auka ábyrgð sjálfböðla innan deildarinnar í þeim verkefnum sem unnið er að. Stuðla skal að jafnri öflun og viðhaldi bæði sjálfböðla og félagsmanna í Reykjavík. Um sjón með skráningu og utanumhaldi sjálfböðla er í höndum sjálfböðlamiðstöðvar.

SJÁLFBÖÐASTARF - Lögð er áhersla á faglega uppbyggingu í sjálfböðla starfi innan deildarinnar þar sem hvatt er til frumkvæðis og þátttöku sjálfböðla í verkefnum. Sjálfböðla eru meginstyrkur deildarinnar og því skal leggja áherslu á þjálfun, meðal annars í formi námskeiða, og stuðning við starf þeirra. Hvetja skal til þátttöku sjálfböðla af ólíkum uppruna, bakgrunni og búsetu innan borgarinnar.

UNGMENNASTARF – Hvetja skal til þátttöku yngri sjálfböðla í starfsemi deildarinnar og gefa þannig ungu fólki tækifæri til að vinna að hugsjónum Rauða krossins í samræmi við stefnu Alþjóðasambands landsfélaga Rauða krossins og Rauða hálfmánans um þátttöku ungmenna. Stuðla skal að þátttöku sjálfböðla á ungmennahæðingum Ungmennahreyfingar Rauða krossins, sem haldið er árlega, ásamt því að hvetja til virks samráðs milli stjórnar og ungs fólks sem starfar innan deildarinnar.“



deildarstjóri, Þórir Guðmundsson, sem áður hafði stýrt hjálpar- og mannúðarsviði landsfélagsins. Hann tók við störfum 1. ágúst.

Stefnumótunarvinna sem ný forysta Rauða krossins í Reykjavík hóf leiddi til nýrrar stefnu, sem var samþykkt í desember 2015. Samkvæmt þessari nýju stefnu leggur deildin áherslu á þrjú meginatriði: starf með og fyrir berskjaldaða einstaklinga og fjölskyldur, sjálfböðla- og ungmennastarf og samstarf, fræðsla og fjáröflun. Bæði stjórn og starfsfólk unnu að móttöku hinnar nýju stefnu og nutu við það aðstoðar Her-

manns Guðmundssonar fyrrum stjórnarmanns í deildinni.

Á sama tíma og móttöku var ný stefna, var gripið til aðgerða sem höfðu það að aðalmarkmiði að nýta sem best það fé sem deildinni er treyst fyrir. Sumar aðgerðanna voru sársaukafullar, enda fólu þær í sér uppsagnir starfsfólks, en aðrar ánægjulegar eins og flutningar í hús Rauða krossins að Efstaleiti 9. Með flutningnum í október 2015 var bundinn endi á fjögurra áratuga aðskilnað hinna tveggja stóru eininga félagsins, landskrifstofu og Rauða krossins í Reykjavík. +



Íris Björk Hafsteinsdóttir sjálfböðlaði Rauða krossins undirbýr íbúð í Kópavogi fyrir komu flóttafjölskyldu frá Sýrlandi. Flóttamenn og innflytjendur eru meðal þeirra hópa sem njóta stuðnings Rauða krossins í Reykjavík. Ljósmynd: Stefán Karlsson.

Samstarf, fræðsla og fjáröflun

„Rauði krossinn í Reykjavík skal stuðla að góðu samstarfi við mismunandi aðila, innanlands og utan, ásamt því að stuðla að aukinni fræðslu um verkefni deildarinnar og Rauða krossins almennt. Með því má auka jákvætt viðhorf almennings og stuðla að opinskárrni umræðu um mannréttindi og fordóma.“

SAMSTARF - Deildin starfar náið með landsfélagi og öðrum deildum Rauða krossins á höfuðborgarsvæðinu ásamt því að stuðla að auknum tengslum við aðila í samfélaginu sem vinna að svipuðum markmiðum.

FRÆÐSLA - Kynna skal starfsemi Rauða krossins í Reykjavík út á við með það að markmiði að fræða almenning um starfsemi Rauða krossins. Forsvarsmenn deildarinnar skulu leggja áherslu á sýnileika í fjölmiðlum til að kynna þau verkefni sem unnið er að hverju sinni. Stuðla skal að jöfnum kynjahlutföllum þar sem fulltrúar deildarinnar eru viðmælendur í fjölmiðlum eða framsögumenn á opnum fundum og kynningum.

FJÁRÖFLUN - Stuðla skal að fjölbreyttari leiðum í fjáröflun deildarinnar, m.a. með því að leita í auknum mæli til almennings og fyrirtækja í borginni. Leggja skal áherslu á áframhaldandi samstarf við opinbera aðila með skýra upplýsingagjöf um þau verkefni sem fjármögnuð eru að leiðarljósi.“

Frú Ragnheiður

– heilbrigðisaðstoð á götum úti

Frú Ragnheiður – skaðaminnkun er verkefni sem hefur það markmið að ná til jaðarsetta hópa í samfélaginu, eins og heimilislaustra einstaklinga og fólks með fíknivanda. Í gruninn er þjónustan í Frú Ragnheiði tvíþætt. Annars vegar er hún hjúkrunarmóttaka og hins vegar er hún nálaskiptaþjónusta. Verkefnið er færnanlegt og fer fram í endurinnréttuðum sjúkrahólum. Frú Ragnheiður hefur verið starfrækt frá árinu 2009 og hafa um 500 einstaklingar leitað aðstoðar í bílinn.



Sjálfbóðaliðar Rauða krossins sinna heilbrigðisþjónustu við útgangsmenn og fólk með fíknivanda fimm sinnum í viku á götum höfuðborgarinnar. Ljósmynd: Þorkell Þorkelsson.

Þjónusta Frú Ragnheiðar hefur tók stórstíggum framförum að umfangi og innihaldi á árinu 2015. Bæði hefur heimsóknunum í bílinn fjölgað mikið og einnig hefur sú þjónusta sem veitt er í verkefninu aukist. Alls voru 1.002 heimsóknir í Frú Ragnheiði árið 2015. Stöðug aukning var á heimsóknunum í bílinn á árinu; þannig voru 85% fleiri heimsóknir í desember mánuði heldur en í janúar 2015. Á síðustu þremur mánuðum ársins voru að meðaltali 131 heimsóknir á mánuði sem gera 6,4 heimsóknir á hverri vakt.

Ástæðan fyrir þessari miklu aukningu í heimsóknunum er fyrst og fremst talin vera aukin traust meðal markhópsins til sjálfbóðaliðanna í Frú Ragnheiði. Að ná trausti þessa hóps skjólstæðinga er mikill ávinningur og hefur oft úrslitaáhrif á hvort

jaðarsettir einstaklingar nýti sér þjónustuna. Traustið sem borið er til Rauða krossins kemur fram í fjölda heimsókna og einnig í samskiptum sem skjólstæðingar eiga við sjálfbóðaliða í bílnum. Skjólstæðingar segja sjálfbóðaliðum frá sinni lífssögu og ræða óheft um vímuefnanotkun sína.

Um 70% þeirra sem leituðu til Frú Ragnheiðar árið 2015 komu í nálaskiptaþjónustu og margir þeirra komu einnig í hjúkrunarþjónustu. Í nálaskiptaþjónustunni var mikil aukning á skaðaminnkandi leiðbeiningum til skjólstæðinga eins og fræðslu um öruggari leiðir í sprautunotkun, fræðslu um smitleiðir á HIV og lífrabólgu C og fræðslu um æðaval. Grundvöllur þess að geta átt skaðminnkandi samtöl við skjólstæðinga er að þeir beri

traust til sjálfbóðaliðanna. Þeim skjólstæðingum fjölgaði sem sóttu í hjúkrunarþjónustuna og voru um 52% á árinu. Flestar vaktirnar á árinu voru mannaðar með sérhæfðum sjálfbóðaliðum sem gátu sinnt hjúkrunarmóttöku. Oftast voru það hjúkrunarfræðingar en einnig gátu það verið hjúkrunarfræðinemar, lækningar eða læknanemar. Sú heilbrigðisþjónusta sem við sinntum mest á árinu var að meta ástand á stungustöðum, aðhlyning sára, umbúðaskipti, blóðþrýstingsmæling og almenn heilsufarsráðgjöf.

Á árinu var heilsueflandi þáttum bætt í heilbrigðisþjónustuna. Nú er skjólstæðingum boðið upp á vítamín og steinefni. Með því er reynt að draga úr óafturkræfum skaða sem getur orðið vegna skorts á þessum efnum. Skjólstæðingar geta fengið dagskammta í bílnum og einnig tekið með sér vikuskammta.

Á árinu 2015 var einnig farið að veita skjólstæðingum næringu af ýmsum toga. Margir sem leita til okkar eru heimilislaustrir og oft svangir og illa nærðir. Þess vegna reynum við að eiga næringar- og próteinstangir, drykki, súkkulaði og annað sem slekkur á svengd og gleður sinnið. Skjólstæðingar okkar eru mjög þakklátir fyrir þessa viðbót.

Í febrúar var innleiddur skjólstæðingasími (7887-123) í Frú Ragnheiði. Þetta er símanúmer sem skjólstæðingar geta hringt í og mælt sér mót við bílinn, hvar sem er á höfuðborgarsvæðinu. Með þessari innleiðingu hefur náðst til mun fleiri einstaklinga og þjónustan nær betur til fólks á öllu höfuðborgarsvæðinu. Á árinu 2015 fór bíllinn í vitjanir í öllum sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu og einnig í öllum hverfum Reykjavíkur.

Janúar	21
Febrúar	29
Mars	52
Apríl	69
Máí	60
Júní	82
Júlí	79
Ágúst	117
September	100
Október	125
Nóvember	132
Desember	136
Samtals	1002

FJÖLDI HEIMSÓKNA Í
FRÚ RAGNHEIÐI EFTIR
MÁNUÐUM 2015

Sjálfbóðaliðar

Alls tóku 95 sjálfbóðaliðar þátt í skaðaminnkunarverkefninu Frú Ragnheiði á síðasta ári. Af þeim sinntu 39 sjálfbóðaliðar heilbrigðisþjónustu og nálaskiptaþjónustu, 29 sjálfbóðaliðar sinntu eingöngu nálaskiptaþjónustu og 27 sjálfbóðaliðar sinntu bílstjórahlutverkinu.

Heildarvinnustundir sjálfbóðaliðanna voru 1.986 klukkustundir. Heilbrigðisstarfólk skilaði alls 807 klukkustundum. Bílstjórar skiluðu 738 klukkustundum og þau sem sinntu nálaskiptaþjónustu skiluðu 442 klukkustundum á árinu 2015.

Frú Ragnheiður - skaðaminnkun hlaut Mannréttindaverðlaun Reykjavíkurborgar árið 2015. Verðlaunin voru 600.000 kr. styrkur til verkefnisins. Það að Frú Ragnheiður hafi fengið mannréttindaverðlaun Reykjavíkurborgar er mikil viðurkenning fyrir stöðu jaðarsettra hópa í samfélaginu. Verðlaunin vöktu athygli almennings og hjálpuðu við að móta jákvæða ímynd verkefnisins. +

Starfsmenn	1
Sjálfbóðaliðar	70
Skjólstæðingar	150

FJÖLDI KVENNA SEM LEITAÐ HAFI Í KONUKOT

Ár	2013	2014	2015
Fjöldi	74	59	91
Gistinætur	2.807	2.379	2.384

Áfengisvandi	37%
Önnur vímuefni	55%
Sprautnotkun	35%
Geðrænn vandi	34%
Erlendis frá	8%
Heimilisofbeldi	15%
Proskrárávik	9%
Með búsetu	13%

ABSTÆÐUR OG VANDI KVENNA SEM LEITUÐU Í KONUKOT 2015

14:00 og bætt var inn morgunvakt til þess að styðja og undirbúa gesti athvarfsins betur fyrir daginn.

Á árinu 2015 leitaði 91 kona í Konukot. Gistinætur voru í heild 2.384. Mikil fjölgun var á árinu miðað við fyrri ár, en 32 fleiri konur leituðu í Konukot árið 2015 heldur en 2014 þó að gistinætur væru álíka margar. Ástæður fyrir fjölgun einstaklinganna eru nokkrar og samverkandi. Miklu munaði um það að stór hluti fastagesta, sem oft tók mikið pláss í athvarfinu, fékk varanlega búsetu á árinu. Með þessu skapaðist rými fyrir aðrar heimilislausar konur að leita í athvarfið.

Í öðru lagi finnur starfsfólk að orðspor og ímynd Konukots er jákvæð hjá jaðarsettum einstaklingum og þess vegna leita fleiri konur í Konukot. Í þriðja lagi er úræðaleysi hjá ríki og sveitarfélögum hvað

Konukot

– athvarf fyrir heimilislausar konur

Konukot er neyðarathvarf fyrir heimilislausar konur. Athvarfið er samstarfsverkefni Rauða krossins í Reykjavík og Velferðarsviðs Reykjavíkurborgar. Markmið Konukots er að veita gestum öruggt skjól, athvarf til að hvíla sig og aðstöðu til að sinna grunnþörfum. Konukot er opið alla daga ársins frá kl. 17:00-10:00 og til kl. 14:00 um helgar.

Í Konukoti er unnið eftir hugmyndfræði skaðaminnkunar, en með þeirri nálgun er leitast við að lágmarka skaðann og áhættuna sem fylgir því að vera heimilislaus og með fíknig og/eða geðrænan vanda. Í Konukoti eru átta starfkonur sem starfa að mestu á næturvöktum.

Sjálfbóðaliðar

Alls tóku 69 sjálfbóðaliðar vaktir í Konukoti á árinu 2015, og skiluðu samtals 3.435 klukkutímum. Þetta eru bæði almennir sjálfbóðaliðar og nemandi frá Háskóla Íslands og Borgarholtskóla. Sjálfbóðaliðarnir í Konukoti eru fjölbreyttur hópur kvenna með ýmis konar reynslu og menntun, sú yngsta 22 ára og sú elsta 77 ára.

Á árinu var vaktafyrirkomulagi breytt með því að morgun- og helgarvöktum sjálfbóðaliða var bætt við. Þetta var gert til þess að reyna að svara þeirri þörf sem

myndaðist þegar athvarfi fyrir heimilislausar yfir daginn var lokað. Frá lokum októbermánaðar var opið um helgar til kl.



Í Konukoti geta heimilislausar konur í Reykjavík gengið að uppþúnum rúmum í hlýlegu umhverfi athvarfs Rauða krossins. Ljósmynd: Þorkell Þorkelsson.

varðar búsetuúrræði fyrir heimilislausar konur. Heimilislausar konur með fíkni- og/eða geðrænan vanda eiga það til að festast í Konukoti eða koma aftur og aftur vegna þess að þær fá ekki varanlega búsetu með stuðningi.

Þá hefur staðan á almennum leigumarkaði á höfuðborgarsvæðinu áhrif. Minna framboð af húsnæði og hækkun á leiguverði gerir jaðarsettum konum enn erfiðara fyrir að fá húsnæði á almennum leigumarkaði.

Árið 2015 áttu 75 prósent af gestum Konukots við vímuefnavanda að stríða, hvort heldur var um að ræða lögleg eða ólögleg efni. Um 22 prósent gestanna kljádust við bæði vímuefna og geðrænan vanda, en 34 prósent gesta átti við geðrænan vanda að stríða. Fleiri konur með geðrænan vanda leituðu í Konukot árið 2015 en áður hefur verið. Helstu ástæður þess eru skortur á búsetuúrræðum fyrir geðfatlaðar konur og erfið staða á almennum leigumarkaði. Tólf konur (13%), áttu ekki við vímuefnavanda að stríða heldur var vandinn helst geðræns eðlis auk þroskafrávika.

Alls 14 konur (15%) leituðu til Konukots vegna heimilisofbeldis. Þær flúðu ofbeldisfullar aðstæður en voru undir áhrifum vímuefna og gátu þess vegna ekki sótt í Kvennaathvarfið. Fimm af konunum áttu heimili og níu voru heimilislausar. Tólf konur með búsetu komu í Konukot. Helsta ástæða þess var að þær voru að leita í öruggt rými og voru sumar að leita í félagskap vegna einmannaleika. Sjö konur (8%) af erlendum uppruna leituðu í Konukot. Sex þeirra voru með vímuefnavanda og fjórar voru að flýja heimilisofbeldi.

Árið 2015 voru fjölmargar konur sem leituðu í Konukot og voru aðeins í eina til þrjár nætur. Það sem einkenndi þennan hóp var að þær voru í millibilsástandi; að koma úr vímuefnaafeitrun og að bíða eftir að komast í vímuefnafeitrun, að lágmarka vímuefnanotkun sína fyrir vímuefnafeitrun eða að flýja heimilisofbeldi.

Árið 2015 einkenndist af miklu starfi við að undirbúa og styrkja gesti Konukots til sjálfstæðis á allan hátt, með það að markmiði að gestir gætu best nýtt sér þau búsetuúrræði sem þeim stóð til boða. Þessi vinna hefur það markmið að auka lífsgæði gesta og einnig að sporna við mögulegu heimilisleysi seinna.

Vin

– athvarf fyrir fólk með geðraskanir

Markmið Vinjar eru að draga úr félagslegri einangrun og endurinnlögnum fólks með geðraskanir en einstaklingum með geðröskun/geðfötlun fjölgar jafnt og þétt. Hlutfall fólks með geðfötlun er um 38% meðal alls fólks með fötlun hérlendis og hefur þeim ekki staðið til boða fyrirbyggjandi og batamiðuð félagsleg úrræði á vegum heilbrigðis-kerfisins.

Gestakomur í Vin voru 8.814 á árinu eða um 32 á dag. Á bak við þær eru 153 einstaklingar. Komum hefur því fjölgað um liðlega 13% frá 2014. Heildarfjöldi máltíða var 4.742 eða um 22 máltíðir á dag. Skráð símtöl voru um 2.460 en hluti þeirra kallar á ráðgjöf og stuðning t.d. vegna þunglyndis, kvíða eða vanlíðunar.

Mikil aukning hefur orðið í virkni gesta á árinu í takti við aukið framboð viðburða en um átta manns sækja að meðaltali fundi og námskeið hverju sinni. Einna mikilvægust er þó virkni sem felst í því að mæta og eiga samskipti og efla félagslega færni en á hverjum degi taka nær allir gestir Vinjar hverju sinni þátt í einhverri samveru.

Samningur um framtíð Vinjar

Þann 2. nóvember var undirritaður samningur milli Rauða krossins og Reykjavíkurborgar um rekstur Vinjar sem gildir út árið 2017. Á samningstímanum verður unnið að því að festa Vin í sessi sem

fræðslu- og batasetur þar sem áhersla er á notendasamráð og samstarf við aðila sem koma að batamiðaðri þjónustu fyrir fólk með geðfötlun.

Með samningnum var myndaður sex manna samráðshópur sem mun móta tillögur um framtíð Vinjar með tilliti til breyttra aðferða í geðheilbrigðismálum og þarfa þeirra sem sækja Vin. Í hópnum eru tveir fulltrúar frá Rauða krossinum, tveir frá velferðarsviði Reykjavíkurborgar og tveir fulltrúar úr hópi þeirra sem sækja Vin.

Aukið starf sjálfbóðaliða

Sunnudagsopnun í vetur var gerleg vegna aðkomu sjálfbóðaliða – þar á meðal frá Alþjóðlegum ungmennaskiptum, AUS, og erum við þeim afar þakklát. Án sjálfbóðaliðastarfsins væri ógerningur að taka á móti þeim fjölda sem sækir Vin.

Rúmlega 50 sjálfbóðaliðar hafa tekið þátt í daglegum störfum, þrífum, eldamennsku og samveru. Að minnsta kosti þrjú sjálfbóðaliðar hafa haldið uppi sérverk-

Annað sem einkenndi starfið á árinu er góð og markviss vinna með skaðaminnkun. Meirihluti gesta á við mikinn vímuefnavanda að stríða og því er nauðsynlegt að mæta konunum þar sem þær eru staddar hverju sinni, til þess að ná að draga úr skaðanum og áhættunni sem fylgir vímuefnanotkuninni. Í skaðaminnkandi nálgun myndast einnig meira traust

á milli gesta og starfsfólks eða sjálfbóðaliða, sem skilar sér í meiri samvinnu og betri umgengni í húsinu. +

Starfsmenn	8
Sjálfbóðaliðar	69
Skjólstæðingar	91



Viðsýnarferðalangar á leið heim frá Húsavík með viðkomu á Akureyri í maí 2015.

efnum, svo sem námskeiðum, í Vin. Í samvinnu við Fangelsismálastofnun hafa samfélagsþjónar komið til aðstoðar við daglega starfsemi.

Auk skipulagðra menningartengdra viðburða utan Vinjar hafa gestirnir meðal annars séð um skákkennslu í Hlutverkasetri vikulega, setið í undirbúningsnefnd um skipulag fyrir alþjóðlega Geðheilbrigðisdaginn og verið í samstarfshópi vegna úrræðanna sem Geðhjálp stýrir.

Manngildi í fyrirrúmi

Starfsemin í Vin mótast af virðingu fyrir mannigildi og þörfum og færni gestanna. Að laða fram styrkleika hvers og eins og styðja þá til að ná markmiðum sínum til aukinna lífsgæða. Þetta á einnig við um hversdagslega þætti daglegs lífs svo sem skattframtöl, umsóknir og fleira.

Starfsmannafundir voru haldnir vikulega þar sem starfsfólk endurmat stöðuna og setti upp ramma verkefna, byggt á tilögum gesta, starfsfólks og sjálfböðaliða. Upplýsingar um dagskipan hvers dags voru færðar inn á Facebook síðu Vinjar.

Húsfundir voru haldnir vikulega, þar sem dagskráin og aðstoð í eldhúsi var skipulögð.

Hefðbundin dagskrá samanstendur almennt af skipulagðri samveru sem felst fyrst og fremst í léttu spjalli þar sem leit-

ast er við að ýta undir þátttöku og samkennd. Hádegisverðurinn stuðlar að samþættingu holls matar og félagslegrar athafnar. Auk vikulegra Geðklofafunda var á árinu bætt við bata- og fræðslufundum ásamt DRA fundum (Dual Recovery Anonymus).

Qi Gong æfingar og slökun efla anda og efni. Húslestur, kúltúrferðir, gönguferðir ásamt námskeiðum, sýningum og keppnum á vegum Listaakademíu Vinjar og Vinaskákkfélagsins voru sömuleiðis á dagskrá.

Skipulagðir voru þjóðlegir viðburðir svo sem þorablót, sláturgerð og fleira. Mánaðarlegar ferðir voru farnar á kaffihús, veitingastaði og bíó og einstöku ferðir í kvikmyndahús og á tónleika. Ferðafélagið Viðsýn, sem stýrt er af gestum og starfsfólki, virkjaði gesti til þátttöku með árlegri hlutaveltu, fundum og ferðalögum innanlands í margar skemmtilegar dagsferðir og þriggja daga ferð um Norðurland með gistingu á Húsavík. Á haustdögum var skipulögð hópferð til Lissabon, sem verður farin á næsta ári, en fullbókað var í þá ferð á nokkrum mínútum.

Þann 1. október var farið í haustlitaferð á Þingvelli með um það bil 30 manns og 28 manns fóru í aðventuferð til Akraness þann 3. desember en sama kvöld var



Úr Viðsýnarferð 2015. Eyjólfur Kolbeins við Goðafoss, nýbúinn að fleygja goðunum.

boðið upp á fría sýningu á Billy Elliot í Borgarleikhúsinu sem 15 manns nýttu sér.

Þann 13. desember mættu sjálfböðaliðar í Vin og buðu upp á fría hársnyrtingu. Litlu jólin voru svo haldin með pompi og prakt þann 17. desember með hangikjöti fyrir hátt í 40 manns en sama dag var dregið í jólahlutaveltu Viðsýnar. Á Þorláksmessu var auðvitað boðið upp á skötu og saltfisk. Sjálfböðaliðar höfðu opið í Vin annan í júlum og 2. janúar. Milli jóla og nýárs var hefðbundin dagskrá en þann 30. desember var boðið upp á hátíðarmálsverð í tilefni áramótanna fyrir 30 manns. +

Starfsmenn	4
Sjálfböðaliðar	37
Skjólstæðingar	153

Það er sjálfsagt að vera sjálfboðaliði

-viðtal við Hrafn Jökulsson sjálfboðaliða Rauða krossins

Hrafn Jökulsson þarf vart að kynna en hann er rithöfundur, skáld og skákmeistari með meiru. Hann hefur farið um víðan völl og látið til sín taka á mörgum sviðum. Hjálpar- og mannúðarstarf skipar stóran sess í lífi Hrafns og hann hefur unnið af eldmóði fyrir hin ýmsu félagasamtök og hópa á Íslandi og erlendis. Hrafn er líka sjálfboðaliði hjá Rauða krossinum. Ég settist niður með Hrafn á sólríkum janúardegi og spjallaði við hann um sjálfboðastarfið og hugsjónirnar sem reka hann áfram.



Hrafn Jökulsson hefur verið mikill stuðningsmaður Vinjar, athvarfs Rauða krossins í Reykjavík fyrir fólk með geðraskanir, í mörg ár. Hér segir hann Eygló Harðardóttur, félags- og húsnæðismálaráðherra, frá skákmótum sem Hrökurinn stendur reglulega fyrir í Vin.

Talið berst fyrst að Vin sem er athvarf á Hverfisgötu fyrir fólk með geðraskanir, rekið af Rauða krossinum í Reykjavík. Hrafn segir mér að hann hafi fyrst heimsótt Vin árið 2003 þegar hann og félagi hans Róbert Lagerman stofnuðu Vinaskákkfélag Vinjar. Síðan hefur Hrafn ekki getað slitið sig frá starfinu og þeim félögum sem hann hefur eignast þar. Í Vin blómstrar nú skákstarfið þar sem teflt er daglega auk vikulegra æfinga ásamt árlegum skákmótum.

Árið 2003 var greinilega viðburðaríkt ár í lífi Hrafns en hann segir mér að sama ár hafi hann og félagar hans einnig byrjað að heimsækja Barnaspítala Hringsins. Þar hafa þeir síðan, nánast vikulega, hist og teflt við langveik börn. Reyndar voru Vin og Barnaspítalinn ekki einu staðirnir þar sem Hrafn steig fæti niður þetta árið heldur var 2003 árið sem Grænlandsheimsóknir Hrafns og Skákkfélagsins Hröksins byrjuðu. Þá var skákin nánast óþekkt á Grænlandi

en strax sama ár var haldið fyrsta skákmótið þar.

Hrafn er hrífandi þegar hann talar um Grænland og lýsir því sem stórkostlegum stað sem allir ættu að kynnast. Hann segir að betri nágranna sé vart hægt að hugsa sér. Hrafn á nú að baki um 50 ferðir til Grænlands og eru a.m.k. sjö fyrirhugaðar 2016.

„Við vinnum mjög náið með skólunum, sérstaklega á austurströnd Grænlands. Auk skólanna höfum við líka heimsótt athvörf, ekki síst þau sem eru fyrir börn, sem eiga því miður mjög erfitt uppdráttar á Grænlandi. Rauði krossinn þar hefur sem betur fer beitt sér mikið fyrir þeirra velferð,“ segir Hrafn.

En hvað er það við sjálfboðastarfið og Rauða krossinn sem heillar Hrafn?

„Ég dáist að starfi Rauða krossins og ef ég get lagt mitt af mörkum í því starfi þá geri ég það, bæði hvað varðar Vin og ótal mörg önnur verkefni sem mér þykir vænt um. Mér þykir vænt um Rauða krossinn og það sem hann stendur fyrir.“

Þegar Hrafn er spurður að því af hverju hann vinni sjálfboðastörf brosir hann út í annað og segir að hann hafi svo sem aldrei spurt sjálfan sig að þessari spurningu. Svo segir hann „Mér finnst það í raun bara sjálfsagt. Maður á að láta gott af sér leiða. Allir hafa gott af því.“

Ég kemst þá ekki hjá því að spyrja hann hvort að móðir hans, Jóhanna Kristjónsdóttir, hafi mögulega kveikt áhuga hans á mannúðarmálum? Hrafn er fljótur að svara.

„Móðir mín er mín stóra fyrirmynd í lífinu. Hún ásamt félögum sínum stofnaði Félag einstæðra foreldra árið 1969 og ég ólst upp við það að koma og vinna á flóamörkuðum og bösurum og leggja mitt af mörkum“.

Jóhanna stofnaði síðar Fatímusjóðinn sem í byrjun studdi börn í Jemen til náms en hefur síðan að auki komið að fjölbreyttum mannúðarverkefnum í Mið-austurlöndum, meðal annars verkefnum Rauða krossins fyrir sýrlenska flóttamenn. Hrafn heldur áfram:

„Hún er fyrirmynd mín í öllu því sem ég tek mér fyrir hendur. Hún hefur sýnt mér hvað einn einstaklingur getur gert. Nú hefur hún aldrei verið auðkýfingur en hefur engu að síður með undraverðum hætti safnað ótrúlegum upphæðum í þágu málstaðarins.“

Að lokum má ég til með að spyrja Hrafn um hundrað bóka herferðina hans, en á síðustu vikunum fyrir jól hrinti Hrafn af stað söfnun og var Rauði krossinn eitt af þeim félögum sem safnað var fyrir. Hrafn bauð þá fólki að styrkja áveðið verkefni og á móti fékk fólk að gjöf bók Hrafns *Par sem vegurinn endar*.

„Ég tók þá ákvörðun að taka frá 100 bækur fyrir verkefnið Frú Ragnheiði. Þetta var kannski bara til þess að sýna að við getum öll lagt okkar af mörkum ef við beitum smá hugvitssemi.“ Hrafn segir mér að samskonar söfnun hafi einnig farið fram fyrir Umhyggju - félag langveikra barna og í þágu sýrlenskra flóttabarna fyrir Fatímusjóð og UNICEF. Að lokum segir Hrafn:

„Allar þessar safnanir gengu mjög vel og því finnst mér bara einfaldlega að við eigum öll að gera það sem í okkar valdi stendur og við eigum bara almennt að hjálpa okkar náunga.“ +

Sigurbjörg Birgisdóttir



Berglind Hermannsdóttir sjálfbóaliði aðstoðar flóttamann við að finna auglýsingar um húsnæði á höfuðborgarsvæðinu.

Verkefni koma, fara og þróast

Verkefni Rauða krossins mótast af stefnu félagsins, þörfum í samfélaginu hverju sinni og getu til að mæta þeim. Verkefni eru því í stöðugri endurskoðun. Það hefur í för með sér að ný verkefni verða til, þau sem fyrir er breytast ár frá ári og í sumum tilvikum dregur Rauði krossinn sig út alfarið úr verkefnum og málaflokkum.

Aðhaldsaðgerðir sem stjórn réðst í um mitt ár höfðu óhjákvæmilega áhrif á sum verkefni deildarinnar. Þannig var ekki ráðið strax í starf verkefnisstjóra innflytjendamála, sem sagði starfi sínu lausu um vorið, og í framhaldi af því var lágmarks-virkni í félagsvinaverkefnum. Um er að ræða félagsvini fólks af erlendum uppruna og félagsvini barna af erlendum uppruna, en í þeim verkefnum voru alls 57 sjálfbóðaliðar á árinu.

Endurskoðun á innflytjendaverkefnum leiddi til ákvörðunar um verkefnið Opið hús fyrir flóttamenn og innflytjendur undir lok ársins. Tilgangurinn með Opnu húsi er að aðstoða fólk sem er nýkomið til landsins, talar ekki íslensku og í mörgum tilfellum ekki ensku, hefur ekki tengslanet í landinu og á í miklum erfiðleikum við að finna sér íverustað, atvinnu og að finna sér leið innan íslensks samfélags. Ekki er ólíklegt að einhvers konar félagsvinaverkefni kunni að verða til upp úr Opnu húsi.

Þá var ákveðið á árinu að skoða þörf fyrir grasrótastarf Rauða krossins í hverfum borgarinnar. Breiðholt varð fyrir valinu, sem fyrsta hverfið, og undir lok árs fóru

fram viðræður við fulltrúa Reykjavíkurborgar þar. Á árinu 2016 hyggst Rauði krossinn í Reykjavík vinna með þjónustumiðstöð Breiðholts að mótnun áherslna fyrir starfið í hverfinu.

Ekki var haldinn Á flótta leikur á árinu, en ákveðið var að halda hann snemma á árinu 2016. Þörf á því að kynna aðstæður flóttafólks fyrir íslenskum ungmennum hefur líklega aldrei verið meiri.

Um áramót lauk þátttöku Rauða krossins í svokölluðu BUSL verkefni. BUSL stendur fyrir Besti unglíngahópur Sjálfsbjargar landssambands. Í verkefninu hittast hreyfihamlaðir unglíngar, 13 – 17 ára, og hittast og skemmta sér mánaðarlega með aðstoð sjálfbóðaliða. Á árinu 2015 unnu þrír sjálfbóðaliðar að verkefninu. Þátttaka Rauða krossins var orðin mjög lítil og takmarkaðist í raun við greiðslu útgjalda sjálfbóðaliðanna. Á árinu 2015 hittist hópurinn mánaðarlega í fjölbreyttu starfi sem var blanda af skemmtilegum viðburðum, fræðslu og félagsstarfi.

Á árinu tók neyðarmiðstöð Rauða krossins, sem staðsett er á landsskrifstofu, yfir starf að neyðarvörnum á höfuðborgarsvæðinu. Verkefni sem tengjast skyndihjálp færðust sömuleiðis yfir á landsskrifstofu, sem fyrir er með öflugt markaðs- og fræðslustarf í skyndihjálp á höfuðborgarsvæðinu. Það var mat stjórnar að bæði hagræði og einföldun væri að því að hafa þetta starf á einni hendi.

Undir lok árs var ráðin starfsmaður í fjáröflun og ungmennastarf. Ljóst er að í höfuðborginni er mikil þörf fyrir hjálparstarf Rauða krossins og því eðlilegt að setja kraft í að afla fjár til verkefna. Ungmennastarf hefur legið í láginni hjá deildinni um nokkurt skeið og tækifæri er til að hefja það til fyrri vegs, hugsanlega með nýjum áherslum. Ávöxtur þeirrar vinnu lítur ljós á nýju ári. +

Fjölskyldumiðstöð

Markmið Fjölskyldumiðstöðvar er að bjóða aðgengilega ráðgjöf, einkum fyrir efnaminni og berskjaldaðar fjölskyldur. Hugmyndafræðin er í anda forvarna og leggur hún fjölskyldum lið við að leysa vandann sem fyrst svo koma megi í veg fyrir að mál þróist á verri veg. Unnið er út frá Lausnarmiðaðri viðtalsmeðferð (Brief Solution Therapy). Miðað er við að viðtölin séu í 4-6 skipti og eru fjölskyldum að kostnaðarlausu.

Tveir starfsmenn eru í fullu starfi við verkefnið, forstöðumaður sem jafnframt er fjölskyldumeðferðarfræðingur og svo sálfræðingur. Að auki komu sjö verktakar að ráðgjöf fyrrihluta árs 2015. Vegna fjárhagsstöðu verkefnisins var ekki hægt að halda áfram með það fyrirkomulag. Seinnipart árs var gert samkomulag við Útlendingastofnun um þjónustu við hælisleitendur í formi ráðgjafar. Það starf hófst í nóvember. Þrír nemar

frá Háskóla Íslands og Háskólanum í Reykjavík tóku þátt í starfsemi Fjölskyldumiðstöðvar 2015.

Tölulegar upplýsingar

Alls 428 fjölskyldur leituðu til Fjölskyldumiðstöðvar Rauða krossins árið 2015. Innan þessara fjölskyldna eru 1.712 einstaklingar, þar af 810 börn. Heildarfjöldi viðtala á árinu var 1.755; að meðaltali fékk hver fjölskylda 4,1 viðtöl.

Á myndinni hér til hliðar má sjá hvers vegna fólk leitaði ráðgjafar hjá Fjölskyldumiðstöð. Þar sést að samskiptavandi skorar hátt, því eins og í tölulegum upplýsingum fyrri ára eru það algengustu

ástæðurnar sem gefnar eru upp við beiðni viðtala. En samskiptavandinn er oftast samofinn öðrum þáttum sem koma gjarnan fram þegar viðtölin hefjast.


Hópastarf

Á árinu fór af stað hópastarf sem er kallað Virkni. Það er ætlað ungum karlmönnum á aldrinum 16 til 25 ára sem standa á tímamótum í lífi sínu og þurfa stuðning við að taka ábyrgð á eigin lífi. Verkefnið var kynnt á þjónustumiðstöðvum Reykjavíkurborgar og þátttakendur í hópastarfinu komu m.a. frá þeim. Þorvaldur Guðjónsson frístundarleibeinandi og fyrrum starfsmaður deildarinnar heldur utan um hópastarfið ásamt tveimur öðrum.

Kynningar á starfsemi Fjölskyldumiðstöðvar hafa farið fram á Barna- og unglingsgeðdeild LSH, skólum og á þjónustumiðstöðvum. Að auki hefur starfsfólk frá ýmsum stofnunum og samstarfsaðilum komið og kynnt sér starfsemina.

Fjölskyldumiðstöðin flutti starfsstöð sína síðla árs 2015 frá Skúlagötu 21 að Suðurlandsbraut 24, 3. hæð. +

Starfsmenn	2
Sjálfbóðaliðar	3
Skjólstæðingar	1.712



- Einelti
- Áföll/andlát/sorg
- Fjárhagserfiðleikar
- Atvinnuleysi
- Hegðunarerfiðleikar
- Ófæðing
- Skólavandi
- Forræðis/Umgengismál
- Uppeldisráðgjöf
- Afbrot
- Skilnaður
- Samskiptaerfiðleikar
- Vímuefnavandi
- Geðrænir erfiðleikar

Heimsóknarvinir

Heimsóknarvinir eru sjálfbóðaliðar, sem heimsækja fólk á heimili þess, á stofnanir, sambýli, dvalar- og hjúkrunarheimili. Misjafnt er hvað felst í heimsókn en það getur t.d. verið spjall, gönguferð, ökuferð, upplestur, aðstoð við handavinnu, og svo framvegis. Beiðnir eru breytilegar, en reynt er að mæta þörfum og óskum gestgjafanna eins og kostur er. Viðmið er að heimsóknartími sé um klukkustund einu sinni í viku. Hvenær og hvar heimsóknin á sér stað er samkomulagsatriði hjá gestgjafa og heimsóknarvini.

Verkefnisstjórar heimsóknarvina á höfuðborgarsvæðinu voru í góðri samvinnu

vegna undirbúnings og fræðslu fyrir verðandi heimsóknarvini. Tvisvar á árinu



Heimsóknarvinir Rauða krossins fara meðal annars á leikskóla Barnaspítalans. Hér hefur Daníel Sigríðarson sjálfboðaliði búið til blóm úr blöðrum, ungum skjólstæðingi til skemmtunar.

Ágúst Hauksson og dóttir hans Freydis Borg leika sér með blöðrublómið hans Daníels.

2015 var öllum sjálfboðaliðum á höfuðborgarsvæðinu boðið á sameiginlegar samverur á Landskrifstofu RKÍ í Efstaleitinu.

Fjórir sjálfboðaliðar sinna starfi tengiliða. Hlutverk þeirra er að taka við paraupplýsingum frá verkefnisstjóra og fara í fyrstu heimsóknir til að kynna heimsóknarvin fyrir gestgjafa. Þeir fylgjast svo með og taka stöðuna eftir umþóttunartíma (4-6 vikur) og síðan á 6 mánaða fresti.

Tveir sjálfboðaliðar tóku sérstaklega að sér að vera með kynningar fyrir tilvondandi eftirlaunabega hjá VR, BSRB og tveimur bönkum.

Á árinu 2015 fengu eftirtaldar stofnanir reglulega heimsóknir frá sjálfboðaliðum Rauða krossins í Reykjavík; Droplaugarstaðir, Eir, Grund Mörkinni, Grund við Hringbraut, Norðurbrún 1, Skjól og sambylí á Sléttuvegi.

Einu sinni í mánuði er heimsóknarvinnum boðið að mæta á samveru eða fræðslu þar sem gefst tækifæri til að fara yfir starfið og miðla af reynslu.

Skráðir heimsóknarvinir árið 2015 voru 70, þar af 52 konur og 18 karlmenn. +

Starfsmenn	1
Sjálfboðaliðar	70
Skjólstæðingar	110

Fatakort

- reisin skjólstæðinga í fyrirrúmi

Þann 12. nóvember var fataúthlutun á höfuðborgarsvæðinu breytt. Í stað þess að skjólstæðingar þyrftu að safnast saman einu sinni í viku á úthlutunarstað hóf Rauði krossinn afhendingu fatakorta, sem eru ávísun á fatnað í verslunum félagsins. Á sama tíma tók Rauði krossinn í Reykjavík við verkefninu.

Tilgangurinn með útgáfu fatakorta er að aðstoða tekjulága einstaklinga og fjölskyldur, hælisleitendur, flóttafólk og útlendinga í neyð. Fatakortin virka sem úttektarheimild og eru ígildi peninga,

sem hægt er að nota í öllum verslunum Rauða krossins á höfuðborgarsvæðinu. Áður úthlutaði Rauði krossinn notuðum fatnaði í sérstöku rými en með þessu nýja fyrirkomulagi hafa skjólstæðingar



Marielle Rosento og Sesselja Þórðardóttir sjálfboðaliðar Rauða krossins afhenda fatakort.

Rauða krossins sama vöruúrval í verslunum félagsins á höfuðborgarsvæðinu og allur almenningur.

Hver einstaklingur getur sótt um úthlutun tvisvar á ári fyrir sig og fjölskyldu sína (maka og ólöggráða börn). Til að byrja með er úthlutað tveimur kortum á hvern umsækjanda eða 2 x 5.000 kr. innvegn. Eftir sex mánuði, geta þeir sömu sótt að nýju um úthlutun, sem í flestum tilvikum verður eitt kort, 1 x 5.000 kr. innvegn. Ársúthlutun, samtals kr. 15.000 er talin duga fyrir alklæðnaði á fullorðinn einstakling, það er fyrir útiflík, buxum, peysu, skyrtu, bol, húfu, trefli, vettlingum og skóm.

Á landskrifstofu í Efstaleiti 9 starfar sérstakt teymi í málefnum hælisleitenda, sem sér um að úthluta fatakortum til þeirra. Alls afgreiddi teymið fatakort til

176 hælisleitenda á árinu. Allir aðrir, sem hafa kennitölu, geta sótt um úthlutun á vefsíðu félagsins og milli kl. 14 og 16 á þriðjudögum og fimmtudögum í húsi Rauða krossins að Efstaleiti 9.

Alls fengu 290 einstaklingar úthlutað fatakortum á árinu. Samtals var því úthlutað fatakortum til tæplega 500 manns á einum og hálfum mánuði eða frá 12. nóvember til áramóta 2015/2016. Fjórir sjálfboðaliðar, sem starfa í verkefninu, sáu að mestu um afgreiðslu korta á auglýstum opnunartímum og var vinnuframlag þeirra samtals um 40 klukkustundir. +

Starfsmenn	1
Sjálfboðaliðar	4
Skjólstæðingar	466

sjóðs Rauða krossins eru einkum einstaklingar og fjölskyldur, með lögheimili á höfuðborgarsvæðinu, sem verða fyrir því að sjúkdómar eða slys valda ófyrirséðum fjárhagsvandræðum. Áhersla er lögð á tekjulágar fjölskyldur sem ekki njóta nægrar aðstoðar annarra aðila.

Farið er mánaðarlega yfir umsóknir og þá aðstoð sem hægt er að veita. Aðstoðin er aðallega í því formi að greiddir eru reikningar fyrir skjólstæðinga upp að tiltekinni upphæð. Fyrsta úthlutun fór fram fyrir jólin, 2015.

Hægt er að sækja um aðstoð á þar til gerðu umsóknareyðublaði á vef Rauða krossins. Spurt er í öllum tilvikum um gögn sem sýna tekjur (staðgreiðslufirlit), umfang áfallsins og staðfestingu þess að aðrir aðilar (svo sem sveitarfélög, verkalýðsfélög og sjúklingafélög eða aðrir aðilar) hafi ekki stutt viðkomandi eða þá með hvaða hætti. Samþykki skjólstæðings um að ofangreind gögn séu skoðuð þarf að liggja fyrir.

Áhersla er á raunhæfa aðstoð sem gefur skjólstæðingum tækifæri til að ná aftur sjálfbærni. Í flestum tilvikum eru greiddir reikningar fyrir fólk, þannig að sjaldnast er um að ræða beina peningagjöf.

Sjóðstjórn er skipuð fulltrúum deilda á höfuðborgarsvæðinu og fulltrúum landskrifstofu. Hlutverk sjóðsstjórnar er að setja sjóðnum stefnu og reglur, afla tekna, fylgjast með starfi úthlutunarnefndar, fara yfir stöðu sjóðsins á fundum og taka afstöðu til álitafna sem upp hafa komið. Úthlutunarnefnd, sem í eru tveir einstaklingar sem þekkja til velferðarmála og einn fulltrúi sjóðsstjórnar, tekur endanlegar ákvarðanir um úthlutanir.

Starfsmaður undirbýr fundi úthlutunarnefndar og útbýr yfirlit um allar umsóknir, situr jafnframt fundina og ritar fundargerð. Hann er einnig umsækjendum innan handar um útfyllingu umsókna.

Á árinu 2015 voru teknar ákvarðanir um styrki að upphæð 516.000 kr. +

Starfsmenn	1
Sjálfboðaliðar	2
Skjólstæðingar	4

Áfallasjóður stofnaður

Pann 10. desember 2015 undirrituðu forsvarsmenn Rauða kross deildanna á höfuðborgarsvæðinu samkomulag um stofnun áfallasjóðs. Rauði krossinn í Reykjavík átti frumkvæði að stofnun sjóðsins og starfsmaður deildarinnar hefur umsjón með verkefninu.



Fulltrúar stjórna deildanna á höfuðborgarsvæðinu undirrituðu minnisblað um stofnun Áfallasjóðs á félagsfundum Rauða krossins í Reykjavík 10. desember, 2015. Á myndinni eru Birgir G. Magnússon frá Rauða krossinum í Kópavogi, Hilmar Bergman frá Rauða krossinum í Mosfellsbæ, Kristín S. Hjálmtýsdóttir frá Rauða krossinum í Reykjavík, David Lynch frá Rauða krossinum í Kópavogi og Karólína Stefánsdóttir frá Rauða krossinum í Hafnarfirði og Garðabæ.

Sjóðurinn hefur þann tilgang að aðstoða fólk sem verður fyrir skyndilegu fjárhagslegu áfalli og fær enga, eða mjög lítila, aðstoð annars staðar. Áhersla

Rauða krossins er á að hjálpa fólki til að ná sér aftur á strik eftir ófyrirséð fjárhagslegt áfall, svo sem í tengslum við sjúkdóma og slys. Skjólstæðingar áfalla-

Að tala máli mannúðar

Málefni hælisleitenda og flóttamanna hafa sýnt fram á mikilvægi þess að þeir sem koma fram í nafni Rauða krossins tali með skýrum hætti um afstöðu félagsins. Rauði krossinn hefur frá 1956 mælt með því að Ísland bjóði flóttamönnum skjól, hvort sem um er að ræða hælisleitendur eða svokallaða kvótaflóttamenn.



Stjórn og starfsmenn Rauða krossins í Reykjavík taka enda virkan þátt í samfélagsumræðunni, einkum um málefni flóttafólks en einnig um önnur mikilvæg mál á verksviði deildarinnar.

„Ég tel afar mikilvægt fyrir stjórn og starfsfólk Rauða krossins að taka virkan þátt í umræðum í fjölmiðlum. Þannig vekjum við athygli á þeim fjölbreyttu verkefnum sem við vinnum að hverju sinni. Það skiptir einnig máli að taka virkan þátt í opinberri umræðu og virkja þannig almenning til þátttöku í starfi okkar. Það er hluti af stefnu deildarinnar að leggja áherslu á sýnileika í fjölmiðlum og við sinnum því með bæði greina-skrifum og virkum samskiptum við fjölmiðla,“ segir Ragnar Þorvarðarson formaður Rauða krossins í Reykjavík.

Þegar athyglin beindist að málefnum flóttamanna haustið 2015, ákváðu forystumenn deildarinnar að láta til sín taka. Stjórnarmenn og deildarstjóri skrifuðu greinar í blöð, komu fram í sjónvarpi og settu fram skoðanir sínar á samfélagsmiðlum. Af 230 fréttum þar sem Rauði krossinn í Reykjavík kom við sögu á árinu, birtust langflestar um haustið og fram að áramótum þegar málefni flóttafólks bar hæst.

Athygli fjölmiðla beindist einnig nokkuð að skaðaminnkunarverkefnum, sem Rauði krossinn í Reykjavík hefur tekið forystu um. Þannig er töluverð umfjöllun um sjálfböðaverkefnið Frú Ragnheiði, en það er gamall sjúkrabíll sem sjálfböðaliðar aka um höfuðborgarsvæðið á kvöldin til að veita skaðaminnkandi heilbrigðisaðstoð. +

Málsvarastarf Rauða krossins í Reykjavík felst meðal annars í því að tala máli skjól-stæðinga félagsins meðal almennings.

Á efri myndinni ræðir Ragnar Þorvarðarson, þáverandi varaformaður deildarinnar, um flóttamannamálin á fundi í Efstaleiti. Sveinn Kristinsson, formaður félagsins, og Kristín S. Hjálmtýsdóttir, þáverandi formaður deildarinnar, hlusta á. Um 200 manns mættu á fundinn, sem var haldinn í tengslum við umræðu í samfélaginu um hlutskipti sýrlenskra flóttamanna.

Á neðri myndinni gengur ung stúlka um flóttamannabúðir í Líbanon, þar sem Rauði krossinn hjálpar með ýmsum hætti. Rauði krossinn er í þeirri einstöku stöðu að láta flóttafólk sig varða bæði í upprunalandinu, á flótta í ýmsum löndum og á Íslandi. Málsvarastarf félagsins spannar þannig afar vítt svið.



Ljósmynd Nilufer Demir af Aylan Kurdi, ungum sýrlenskum dreng, þar sem hann lá látinn í flæðarmálinu var á forsíðum blaða um allan heim 3. september. Myndin færði fólki um víða veröld heim sannindin um veruleika hamfaranna í Sýrlandi sem dregið hafa 250.000 manns til dauða á síðustu fimm árum.

Ljósmynd Kristins Magnússonar af Kevi, ungum albönskum dreng, með leikfangabangsann í dyragættinni skömmu fyrir brottflutning hreyfði við íslenskra þjóðarsál. Innan nokkurra vikna hafði Alþingi veitt tveimur fjölskyldum frá Albaníu, sem báðar voru með veik börn, íslenskan ríkisborgararétt.

Tvær myndir sem breyttu öllu

Tvær ljósmyndir af ungum drengjum sneru almenningsálitinu á Íslandi á árinu 2015.

Önnur sýndi þriggja ára kúrdísk-sýrlenskan dreng, Aylan Kurdi, liggjandi á maganum í flæðarmálinu í Tyrklandi. Hann drukknaði með móður sinni og bróður á bátsferð til Grikklands.

Hin myndin var af Kevi litla, fimm ára syni hælisleitenda frá Albaníu, haldinn alvarlegum sjúkdómi, þar sem hann stóð í dyragættinni með bangsan sinn, bíðandi eftir að vera tekinn og fluttur úr landi.

Máttur ljósmyndarinnar hefur sjaldan komið skýrar fram. Myndin af Aylan varð til þess að eftir rúmlega fjögurra ára stríðsrekstur og flóttamannastraum frá

Sýrlandi rann upp fyrir fólki hvað um var að ræða. Fórnarlömb átakanna eru meðal annars lítil börn, sem deyja í loftárásum í Sýrlandi og drukkna í Miðjarðarhafi á flótta undan hörmungunum. Myndin af Aylan sýndi það.

Kæra Eycló

Á Íslandi skráðu átján þúsund manns sig á síðu á Facebook - Kæra Eycló - Sýrland kallar - til stuðnings því að Ísland tæki á móti fleira flóttafólki frá Sýrlandi. Meðal annars í tengslum við þá síðu, bárust Rauða krossinum meira en tólf hundruð

umsóknir um sjálfböðastörf til hjálpar flóttafólki, þar af um 900 á höfuðborgarsvæðinu. Þessum áhugasömu, tilvonandi sjálfböðaliðum var tekið fagnandi. Sjálfböðamiðstöð Rauða krossins í Reykjavík fékk aðstoðu í neyðarmiðstöð landsskrifstofu í Efstaleiti og stjórnaði þaðan samskiptum við þennan stóra hóp. Húsið var opnað fyrir fólki, sem vildi kynna sér starf Rauða krossins að móttöku flóttamanna og skrá sig til sjálfböðinna starfa.

Margir þeirra sem komu reyndust vera reiðubúnir að starfa að aðlögun þeirra flóttamanna sem fyrir voru, en þeirra á meðal var hópur Sýrlendinga sem kom í upphafi ársins. Aðrir fóru í sjálfböðaliðastörf á öðrum vettvangi Rauða krossins.

Tíu fjölskyldum boðið

Stjórnvöld ákváðu að verja tveimur milljörðum króna á tveimur árum til aðstoðar við flóttafólk, hér á landi og annars staðar. Ákveðið var að taka á móti tíu fjölskyldum, alls 55 manns, á árinu 2015. Síðar dróst koma fólksins fram yfir áramót.


Samúðarbylgjan hafði ekkert rénað, nema síður væri, þegar að því kom að útbúa íbúðir flóttafólksins húsgögnum og öðrum húsbúnaði. Fasteignafélagið Eik lánaði Rauða krossinum í Reykjavík risastórt verslunarhúsnæði við Smáratorg endurgjaldslaust. Tugir sjálfbóðaliða - sem flestir voru að vinna fyrir Rauða krossinn í fyrsta sinn - skipulögðu móttöku og flokkun á húsgögnum og húsbúnaði frá gjafmildum Íslendingum.

Hús verða heimili

Í fyrstu var fólk, sem hafði boðið fram húsgögn á hinum fræga „Kæra Eygló“ lista, beðið að senda myndir af því sem það hafði fram að færa. Þessu var síðan skipt upp á sex íbúðir fjölskyldnanna sem hafði verið boðið til höfuðborgarsvæðisins og allt fært í Excel skjal.

Með flutningabíla Fataflokknar Rauða krossins að láni, náðu sjálfbóðaliðar í öll stærri húsgögn og fluttu þau í verslunarmiðstöðina, þar sem þeim var raðað í sex hólf eftir Excel listanum góða. Í hverju hólfi voru allir þeir húsmunir sem ætlaðir voru einni íbúð og hver íbúð var skipulögð út frá stærð og samsetningu fjölskyldunnar sem átti að flytja í hana. Eftir því sem sveitarfélögin, Kópavogur og Hafnarfjörður, útveguðu íbúðir var húsgögnum raðað inn í þær, allt eftir áætlun.

Almenningi var boðið að koma á Smáratorgið með húsbúnað: Smáborð, kommóður, hillur, skápa, blómavasa, leikföng, hjól, mataráhöld, og margs konar skrautmuni - allt það sem gerir hús að heimili. Straumurinn var stanslaus og innan tíðar var komið nóg. Á nokkrum dögum hafði tekist að tryggja að þegar flóttafjölskyldurnar kæmu þá gætu þær flutt beint inn í hlý og falleg heimili í nýju landi. +



Kvennadeildin sá til þess að hlý fót biðu eftir flóttafólkinu frá Sýrlandi. Komu þess seinkaði þó fram yfir áramót.

HLUTVERK RAUÐA KROSSINS

Samkvæmt samningi við Velferðarráðuneytið hefur Rauði krossinn eftirfarandi hlutverk við móttöku flóttamanna:

- Gæta hagsmuna og veita almenna liðveislu
- Nýta sérfræðipokkingu starfsmanna og sjálfbóðaliða við móttöku og aðlögun
- Hafa umsjón með stuðningsfjölskyldum og veita þeim fræðslu, stuðning og handleiðslu
- Undirbúa íbúðir og aðstoða við að koma upp innbúi og heimilistækjum
- Taka stöðumatsviðtöl við flóttafólkið og meta aðstæður þess og þjónustuna sem það fær
- Útvega fatnað í gegnum fataúthlutun Rauða krossins
- Aðstoða flóttafólkið við að nýta sér alþjóðlega leitarþjónustu Rauða krossins
- Gera stöðumatskýrslur á meðan verkefnið stendur yfir og eftir að því lýkur
- Taka þátt í fræðslu og kynningarstarfi og sitja fundi í framkvæmdahópi og samráðshópi vegna verkefnisins.



Ragnar Þorvarðarson varaformaður Rauða krossins í Reykjavík hafði yfirumsjón með húsbúnaðarsöfnun deildarinnar. Eik fasteignafélag lánaði stórt verslunarhúsnæði við Smáratorg undir söfnunina.

Flóttamenn

– stuðningur við þrjá ólíka hópa

Rauði krossinn á Íslandi hefur komið að móttöku allra þeirra 549 flóttamanna sem í árslok 2015 höfðu komið til landsins í boði stjórnvalda frá árinu 1956. Ríkisstjórn Íslands hefur veitt flóttafólki móttöku með nokkuð reglulegum hætti frá árinu 1996 en sú ákvörðun var tekin ár frá ári. Rauði krossinn í Reykjavík fer með stjórn verkefnisins á höfuðborgarsvæðinu.



Fyrsta ferð félagsstarfs fyrir flóttafólk var skoðunarferð um Reykjanesið. Hópfæðir Teits lögðu til rútu.

Í byrjun ársins kom til landsins 13 manna hópur frá Sýrlandi. Tafir vegna afgreiðslu mála erlendis og hér heima ollu seinkun á komu hópsins en búist hafði verið við honum haustið 2014. Í hópnum voru sex fullorðnir einstaklingar og sex börn á aldrinum tveggja til 16 ára.

Alls 16 stuðningsfjölskyldur komu að verkefninu árið 2015. Allir sjálfboðaliðar sátu undirbúningsnámskeið um móttöku flóttamanna sem haldið var í byrjun ársins. Lögð var áhersla á að sjálfboðaliðar veiti sálrænan stuðning og sérstaklega áfallaviðbrögð. Jafnframt var fjallað um hvað beri að varast í samskiptum við fólk með áfallastreitu. Þá fengu sjálfboðaliðar leiðbeiningar um hvernig þeir geti passað upp á sína eigin líðan í erfiðum aðstæðum.

Íbúðir útbúnar

Leitast var við að fá ódýr húsgögn og húsbúnað og reynt að fá framlög frá nokkrum fyrirtækjum. IKEA og Rúmfatalagerinn gáfu ríkulegan afslátt til verkefnisins. Eins gáfu allar verslanir sem verslað var við afslátt á sínum vörum, frá 15% til 40%. Stór hópur sjálfboðaliða kom að standsetningu íbúðanna fjögurra sem sveitarfélagið útvegaði.

Lítill fyrirvari var á komu hópsins en með stuðningi sjálfboðaliða úr viðbragðshópi Rauða krossins var hægt að gera allar íbúðirnar tilbúnar á innan við tveimur sólarhringum. Heit súpa og brauð beið allra fjölskyldnanna á nýjum heimilum þeirra þegar þær komu loks þangað, úrvinda, eftir langt ferðalag.

Stuðningsfjölskyldur kynntu sig fyrir flótt-

fjölskyldunum á fyrstu dögum eftir komu þeirra til landsins.

Reglulega var fundað með samstarfsaðilum á undirbúningstímabilinu og eftir komu hópsins var fundað vikulega til hálfsmánaðarlega með stuðningsfjölskyldum og aðra hverja viku með fulltrúum Reykjavíkurborgar.

Nokkrum vikum eftir komuna til landsins hófu börnin skólagöngu og þeir fullorðnu fóru í íslenskunám.

„Útskrift“ eftir árið

Þann 10. september var liðið ár frá því afgönsk fjölskylda í Hafnarfirði kom til landsins og var því fagnað með matarboði þar sem fjölskyldunni, vinum, stuðningsfjölskyldum og samstarfsaðilum var boðið.

Í október og desember var einnig liðið ár frá komu einstaklinga frá Úganda og Kamerún en þar sem koma þeirra hafði dreifst yfir nokkurra mánaða tímabil var þeim verkefnum ekki lokað með því að halda upp á það í hópi heldur gerðu stuðningsfjölskyldur það hver á sinn hátt með sínum vinum.

Haustið 2015 var sett af stað félagsstarf þar sem sjálfboðaliðar skipulögðu ferðir og samkomur fyrir flóttafólk. Verkefnið er í þróun og vonir bundnar við að það verði öflugt á næsta ári með móttöku fleiri og stærri hópa flóttafólks. Undir lok ársins hófst síðan undirbúningur fyrir komu 55 flóttamanna frá Sýrlandi, sem stjórnvöld buðu til landsins og áætlað var að kæmu í desember. Komunni seinkaði fram á nýtt ár en Rauði krossinn lagði mikla vinnu í að undirbúa sex íbúðir í Kópavogi og Hafnarfirði fyrir komu fólksins. Rauði krossinn í Reykjavík fer með umsjón verkefnisins fyrir hönd deilda á höfuðborgarsvæðinu. +

Starfsmenn	1
Sjálfboðaliðar	134
Skjólstæðingar	24

Heilahristingur

– aðstoð við heimanámið

Heilahristingur er heimanámsaðstoð fyrir grunnskólanema frá 4.-10. bekk sem og framhaldsskólanema. Verkefnið hófst árið 2008 sem samstarfsverkefni Rauða krossins í Reykjavík og Borgarbókasafns. Borgarbókasafn leggur til aðstöðu í bókasöfnunum og er þar með tiltekinn starfsmann bókasafnsins sem heldur utan um verkefnið á hverjum stað. Rauði krossinn leggur sjálfboðaliða til verkefnisins.



Eyrún Inga Jóhannsdóttir sjálfboðaliði Rauða krossins fer yfir heimaverkefnið með ungum skjólstæðingum Heilahristings í Borgarbókasafninu í Kringlunni.

Áhersla er lögð á að virkja nemendur í námi og hafa það skemmtilegt saman. Markmið verkefnisins er að styðja og styrkja nemendur í námi en samhliða því

fá þeir tækifæri til að kynnast þeirri þjónustu sem bókasöfnin bjóða upp á í tengslum við nám, áhugamál, tómtundir o.fl. Einnig er markmiðið að virkja nem-

endur félagslega því í heimanámsaðstoðinni hitta þeir félagar utan skóla sem þau myndu e.t.v. ekki gera annars. Markhópur verkefnisins eru nemendur af erlendum uppruna en allir eru velkomnir sem þurfa á aðstoð að halda.

Í upphafi var boðið upp á heimanámsaðstoð á tveimur stöðum Borgarbókasafns, þ.e. í Kringlusafni og Gerðubergi. Haustið 2015 var bætt við þremur nýjum starfsstöðum Heilahristings með því að hefja heimanámsaðstoð í Aðalsafninu við Tryggvagötu fyrir framhaldsskólanema. Þá var einnig komið á samstafi við Skóla og frístundasvið Reykjavíkurborgar og þar með bætt við tveimur starfsstöðvum inni í grunnskólunum þar sem verkefnið fer fram á skólabókasöfnunum. Þessir skólar eru Hlíðaskóli og Háteigsskóli.

Haldinn er fundur með sjálfboðaliðum tvisvar á hverju skólaári, að hausti og vori, í þeim tilgangi að þeir hittist til að ræða framgang verkefnisins, fá ábendingar um það sem betur megi fara, o.s. frv. Á þessum fundum er einnig veitt fræðsla sem nýst getur þeim í starfinu. Á haustfundinum 2015 var sérfræðingur í sérkenntu með fræðsluerindi og mæltist það vel fyrir.

Í verkefninu eru nú 33 virkir sjálfboðaliðar. Notendur þjónustunnar eru 78 börn og ungmenni. +

Starfsmenn	1
Sjálfboðaliðar	33
Skjólstæðingar	78

Fjáröflun

Fjáröflun skipar stóran sess í öflugri starfi deilda Rauða krossins. Rauði krossinn í Reykjavík er þar engin undantekning og á árinu barst deildinni stuðningur í fjölbreyttu formi frá einstaklingum, félagsamtökum, fyrirtækjum og hinu opinbera.

Frumkvæði sjálfboðaliða í fjáröflun hefur á árinu veitt deildinni mikilvægan stuðning. Meðal annars hélt tónlistarmaðurinn og sjálfboðaliðinn Svavar Knútur tónleika til styrktar Frú Ragnheiði og einnig skipulögðu neman frá Háskóla Íslands tónleika þar sem safnað var bæði fyrir Frú Ragnheiði og Konukoti. Tónleikarnir voru haldnir á KEX Hostel þar sem fram komu fjölmargir tónlistarmenn sem gáfu vinnu sína. Aðgangseyrinn rann svo að fullu til deildarinnar.

Árleg jólakakósöfnun Rauða krossins í Reykjavík fór fram á aðventunni allar



Ein fjáröflunarleið deildarinnar er tónleikahald. Fjöldi tónlistarmanna lagði Rauða krossinum lið á árinu 2015 með því að gefa vinnu sína.

helgar fram að jólum og lauk á þrettándanum. Voru þá sjálfbóðaliðar áberandi í miðbæ Reykjavíkur þar sem þeir buðu vegfarendum upp á heitt kakó og að styrkja félagið. Skipulagning og allt utanumhald var í höndum tveggja EVS/AUS sjálfbóðaliða frá Alþjóðlegum ungmennskíptum. Innnes heildverslun lagði til vörur til kakógerðar ásamt bollum og Omnom súkkulaðigerð lagði til súkkulaði. Alls stóðu sjálfbóðaliðarnir 151 vakt í kakósölunni.

Tvær veglegar bókaþjálfrar bárust á árinu en fyrir jólin hrinti rithöfundurinn Hrafn Jökulsson af stað söfnun í þágu útigangsfólks og safnaði að jafnvirði 100 eintaka af bókinni þar sem vegurinn endar. Eins gaf þingmaðurinn Elín Hirst 1.300 eintök af bók sinni Barn þitt er á lífi og rann söluverðið að fullu til flóttamannaverkefna. Að lokum má nefna markað sem einnig var skipulagður af nemum frá Háskóla Íslands en þar var safnað fyrir Konukot.



Árleg kakósala sem EVS/AUS sjálfbóðaliðar Rauða krossins í Reykjavík skipuleggja tókst óvenjuvel í ár. Rory Singh og Naima Aiden stóðu fyrir söfnuninni að þessu sinni og fengu í kassann rétt um eina milljón króna. Þessir hressu sjálfbóðaliðar stóðu vaktina á Skólavörðustígnum.

Árlega greiðir stór hópur einstaklinga í Reykjavík félagsgjöld til deildarinnar. Við árslok voru félagsmenn 7.877. Töluverður misbrestur er á að félagar greiði árgjöldin, sem er áhyggjuefni. Félagsgjöldin eru mikilvægur hlekkur í styrkum stóðum deildarinnar en að auki sinna sjálfbóðaliðar og starfsmenn skipulagðri fjáröflun allan ársins hring fyrir starfi deildarinnar.

Sjálfbóðamiðstöð í lykilhlutverki

Sjálfbóðaliðinn er grunneining Rauða kross starfsins og stærsta auðlind félagsins. Sjálfbóðaliði sinnir starfinu svo lengi sem áhugi og hvati er til staðar. Í þeim tilgangi að auka getu og styrk Rauða krossins til að sinna fjölbreyttu mannúðarstarfi þarf að huga vel að öllum þáttum sem snerta þann tíma sem einstaklingur sinnir sjálfböðnu starfi hjá Rauða krossinum. Allt frá því að sjálfbóðaliði skráir sig til þátttöku og þar til farsælu starfi hans líkur hjá hreyfingunni.



Á félagsfundum 10. desember afhenti Kristín S. Hjálmtýsdóttir formaður nokkrum sjálfbóðaliðum viðurkenningar fyrir framlag sitt. Hér veitir Kristín Sigurði Vali Magnússyni heimsóknarvini viðurkenningu en Aðalsteinn Baldursson sjálfbóðaliði úr Frú Ragnheiði og Rósa Guðmundsdóttir sjálfbóðaliði í Vin fylgjast með. Auk þeirra fékk María Kristjánsdóttir í Kvennadeild viðurkenningu deildarinnar.

Með markvissu starfi sjálfbóðamiðstöðvar er ætlunin að samræma öll ferli í líftíma sjálfbóðaliða Rauða krossins. Skilgreina á öll hlutverk sjálfbóðaliða innan verkefna og í rekstri deildar, útbúa starfslýsingar fyrir störf sjálfbóðaliða og hanna fræðslu og þjálfun í samstarfi við verkefnastjóra fyrir almenna sem og sértæka þekkingu sem sjálfbóðaliðum er nauðsynleg fyrir störf sín í verkefnum Rauða krossins.

Með þessu starfi er stefnt að því að efla þátt sjálfbóðaliðans í daglegum rekstri verkefna, lengja virkan líftíma sjálfbóðaliðans, auka vitund hans um starfið og auka þar með ábyrgðartilfinningu fyrir starfinu. Efla á ábyrgð sjálfbóðaliðans á þróun og framgangi verkefna. Þá á að efla þekkingu og reynslu sjálfbóðaliðans í starfi og með því gera sjálfbóðið starf hjá Rauða krossinum eftirsóknarvert sem hluta af starfsreynslu á ferilskrá.

Að lokum ber að geta frjálsra framlaga frá einstaklingum, félagsamtökum og fyrirtækjum sem vögu þungt í starfi deildarinnar á árinu. Reglulega bárust deildinni gjafir og styrkir til hinna ýmsu

verkefna. Frjáls framlög, stór og smá, spila veigamikil hlutverk og gera deildinni kleift að halda áfram mikilvægu starfi Rauða krossins í þágu mannúðar. +

Hlutverk sjálfböðamiðstöðvar

Hlutverk sjálfböðaliðamiðstöðvar er að vinna úr umsóknum nýrra sjálfböðaliða, annast móttöku þeirra og fylgja umsókn eftir til verkefnastjóra. Hún fer yfir þörf fyrir sjálfböðaliða í hverju verkefni og beinir umsækjendum í réttan farveg.

Þá tryggir sjálfböðamiðstöð að umsóknarferlið taki eins stuttan tíma og mögulegt er þannig að hæfur sjálfböðaliði komist fljótt til starfa innan félagsins. Með tilkomu nýrrar viðskiptamanna-skrár hjá Rauða krossinum hafa tölu- legar upplýsingar og utanumhald sjálfböðaliða orðið mun nákvæmari en áður.

Samstarf deildanna á höfuðborgarsvæðinu í málefnum sjálfböðaliða hefur aukist töluvert á árinu. Unnið var að tillögum um frekari samstarf milli deilda þar sem gert er ráð fyrir að sjálfböðamiðstöð Rauða krossins í Reykjavík muni taka við umsóknum í auknu mæli frá öðrum deildum á höfuðborgarsvæðinu, samræma vinnulag, móttöku, þjálfun og fræðslu.

Þá sér sjálfböðamiðstöð um móttöku nema sem hafa í auknum mæli sóst eftir að taka þátt í starfi Rauða krossins til lengri eða skemmri tíma og hafa sinnt hinum ýmsu störfum fyrir deildina.

Tölulegar upplýsingar

Rauða krossinum í Reykjavík bárust 1.479 umsóknir um sjálfböðin störf á árinu. Haft var samband við þá alla. Alls 217 hófu störf á árinu hjá deildinni. Fjöldi virkra sjálfböðaliða í lok ársins 2015 var 749. Að jafnaði bárust deildinni um 30-50 umsóknir á mánuði um að gerast sjálfböðaliðar á fyrri hluta ársins. Það breyttist þegar myndir sýndu ljóslega aðstæður flóttafólks frá Sírylandi, sem leggur líf sitt að veði til að komast yfir Miðjarðarhafið til Evrópu.

Í kjölfarið sóttu 524 manns í ágúst um að verða sjálfböðaliðar hjá Rauða krossinum í Reykjavík, flestir í flóttamanna- verkefnum, 417 í september, 94 í október, 76 í nóvember og 50 í desember. Margir þeirra sem sóttu um að taka þátt í verkefnum með flóttafólki enduðu á að taka þátt í öðrum verkefnum. Vegna fjölda umsókna til deilda á höfuðborgarsvæðinu tók sjálfböðamiðstöð að sér að



María Kristjánsdóttir sjálfböðaliði Kvinnadeildar undirbýr jólabasarinn í góðum hópi kvenna.

Kvinnadeild

Kvinnadeildin er undirdeild Rauða krossins í Reykjavík, stofnuð árið 1966. Deildin starfar í samræmi við grundvallarmarkmið Rauða krossins, lög hans og samþykktir. Verkefni Kvinnadeildar eru aðstoð við aldraða og sjúka, s.s. með rekstri sölubúða og starfrækslu bókasafna á sjúkra- og öldrunarstofnunum í Reykjavík. Þá er Kvinnadeildin með öflugna fjáröflun í sölubúðum og sjálfsölum á sjúkraföfnunum auk þess sem tekjur eru af starfi handverkskvenna sem selja handunna muni á basar fyrir hver jól.

Deildin rekur sjúklingabókasöfn á Sjúkrahótelu sjúkrahótelinu í Ármúla, Landakoti, Dvalar- og hjúkrunarheimilinu Grund og Hjúkrunarheimilinu Mörkinni. Bókaútlán á árinu voru 2.687 og lánþegar 1.441. Vinnustundir sjálfböðaliða í verkefninu voru 1.102 klst.

Sölubúðir Kvinnadeildar eru á Landspítalanum við Hringbraut og í Fossvogi og sjálfsalar eru á Landakoti, Fæðingardeild, Slysadeild, Geðdeild og Grensásdeild. Vinnustundir sjúkrahöfnu í sölubúðum voru 3.812 klst.

Föndurhópur Kvinnadeildar og þrjónahópur Rauða krossins í Reykjavík voru sameinaðir árið 2013 undir nafninu Handverkshópur Kvinnadeildar, en

20 konur taka þátt í þessu sameinaða verkefni. Hópurinn hélt sinn árlega jólabasar í nóvember og rann ágóði hans til Fjölskyldumiðstöðvar Rauða krossins í Reykjavík. Vinnustundir sjálfböðaliða í handverksvinnu voru 1.608.

Samningur er á milli Kvinnadeildar og Landspítala um afnot af húsnæði fyrir verslunarrekstur gegn styrk til öldrunardeilda spítalans.

Á árinu 2016 verður Kvinnadeild 50 ára. +

Starfsmenn	3
Sjálfböðaliðar	150
Skjólstæðingar	1.441


vinna úr umsóknum í góðu samstarfi deildanna.

Þess má þó geta að margir einstaklingar lögðu hönd á plóg í starfi Rauða krossins í Reykjavík í skammtímaverkefnum árið 2015 en þeir koma ekki fram í þessum tölum.

Ungmennastarf

Á árinu var lagður grunnur að eflingu ungmennastarfs hjá Rauða krossinum í Reykjavík. Til þess var ráðinn starfsmaður sem sinnti því hlutverki í hálfu stöðugildi ásamt öðrum verkefnum. +

Stjórn, verkefnisstjóri í árslok



STJÓRN RAUÐA KROSSINS Í REYKJAVÍK

Kristín S. Hjálmtýsdóttir	formaður (hætti um áramót)
Ragnar Þorvarðarson	varaform. (tók við form. um áramót)
Árni Gunnarsson	gjaldkeri stjórnar
Oddrún Kristjánsdóttir	ritari
Pétur Þorsteinsson	meðstjórnandi
Sóley Ómarsdóttir	meðstjórnandi
Helga Bára Bragadóttir	meðstjórnandi

Gunnar Jónsson og Ólafur Þór Gunnarsson voru í stjórn deildarinnar fram í maí 2015.

STJÓRN FERÐAFÉLAGSINS VIÐSÝNAR

Viðar H. Eiríksson	formaður
Ingi Hans Ágústsson	
Garðar Sölvi Helgason	
Fanney Guðmundsdóttir	
Elín Símonardóttir	
Magnús Hákonarsson	

STJÓRN KVENNAEILDAR

Oddrún Kristjánsdóttir	formaður
Guðrún Hansdóttir	varaformaður
Kristín Einarsdóttir	gjaldkeri stjórnar
Hanna Guðrún Guðmundsdóttir	ritari
Gunnhildur Jónsdóttir	meðstjórnandi
Halldóra Ásgeirsdóttir	meðstjórnandi
Ragna María Gunnarsdóttir	meðstjórnandi
Laufey Kristjónsdóttir	varamaður
Sólveig Björk Jónsdóttir	varamaður
Vala Rós Ingvarsdóttir	varamaður

STÝRIHÓPUR FRÚ RAGNHEIÐAR

Dr. Helga Sif Friðjónsd.	fagleg verkefnast. Frú Ragnheiðar
Svala Jóhannesdóttir	verkefnastýra
Ísabella Björnsdóttir	
Eggert Jónasson	
Aðalsteinn Baldursson	
Sandra Sif Gunnarsdóttir	
Elín Guðný Gunnarsdóttir	

Órnir og starfsmenn 2015



STARFSMENN RAUÐA KROSSINS Í REYKJAVÍK

Anna Katrín Guðmundsdóttir	starfsmaður í Konukoti
Auður Þorgeirsdóttir	skrifstofustjóri Kvinnadeildar
Birna Sigurðardóttir	starfsmaður í Konukoti
Elfa Dögg S. Leifsdóttir	sálfræðingur á Fjölskyldumiðstöð
Elín G. Gunnarsdóttir	starfsmaður Konukots
Halldóra Pálsdóttir	forstöðumaður Vinjar
Hrafnhildur Gísladóttir	verkefnastjóri sjálfbóðamiðstöðvar
Hrafnhildur Kvaran	verkefnastjóri flóttamannamála
Ingi Hans Ágústsson	leiðbeinandi - Vin
Ingibjörg Reynisdóttir	starfsmaður í Konukoti
Jenný Lind Óskarsdóttir	starfsmaður í Konukoti
Jóhanna Þorgrímsdóttir	starfsmaður í Konukoti
Kristín Helga Guðmundsd.	verkefnastjóri heimsóknarvina
Ragnheiður Ólafsdóttir	starfsmaður í Konukoti
Ragnheiður Sigurjónsdóttir	forstöðumaður Fjölskyldumiðstöðvar
Sigríður Hanna Kristinsdóttir	verslunarstjóri Borgarspítala
Sigrún Erla Egilsdóttir	verkefnastjóri innflytjendamála
Sigurbjörg Birgisdóttir	verkefnastjóri ungmennam/fjáröflunar
Sigurveig Gestsdóttir	leiðbeinandi
Svala Jóhannesdóttir	verkefnastýra Frú Ragnh. og Konukots
Viðar H. Eiríksson	verkefnastjóri - Vin
Þóra Kristinsdóttir	verslunarstjóri Landspítala
Þórey Einarsdóttir	umsjónarmaður í Konukoti
Þórir Guðmundsson	deildarstjóri
Munro Forbes Moffat	EVS/AUS sjálfbóðaliði í fullu starfi
Sabrina Meyns	EVS/AUS sjálfbóðaliði í Vin í fullu starfi
Rory Singh	EVS/AUS sjálfbóðaliði í fullu starfi
Naima Aiden	EVS/AUS sjálfbóðaliði í fullu starfi

STJÓRNARSETA

Helga Bára Bragadóttir
formaður Neyðarvarnaráðs höfuðborgarsvæðis

STJÓRN HEIMSÓKNARVINAVEKFNIS

Sigurður V. Magnússon	formaður
Bergdís Kristjánsdóttir	
Guðrún Eygló Guðmundsdóttir	

STJÓRN VINASKÁKFÉLAGSINS


Róbert Lagermann	formaður
Hrafn Jökulsson	
Jón Birgir Einarsson	
Ingi Tandri Traustason	
Kjartan Guðmundsson	

STJÓRN MÚLABÆJAR OG HLÍÐARBÆJAR

Pálína Björk Matthíasdóttir (Rauða krossinum)	formaður
Pétur Þorsteinsson (Rauða krossinum)	
Þórunn Sveinbjörnsdóttir (FEB)	
Valbjörg Jónsdóttir (SÍBS)	
Dagný Erna Lárusdóttir (SÍBS)	

Stjórn Rauða krossins í Reykjavík þakkar eftirtöldu starfsfólki sem lét af störfum á árinu: Karen Theodórsdóttir, Stefanía H. Óskarsdóttir, Stella Björk Fjeldsted, Steindór Gunnar Steindórsson, Þór Gíslason og Þorvaldur Guðjónsson.

Nýir starfsmenn sem komu til starfa hjá deildinni voru eftirfarandi: Sigrún Erla Egilsdóttir, Sigurbjörg Birgisdóttir og Þórir Guðmundsson. Að auki starfaði Gunnhildur Sveinsdóttir tímabundið fyrir deildina frá vori og fram á sumar.





GRUNDVALLARHUGSJÓNIR



Hugsjónagrundvöllur Rauða krossins er fólgin í markmiðunum sjö um mannúð, óhlutdrægni, hlutleysi, sjálfstæði, sjálfböðna þjónustu, einingu og alheimshreyfingu. Sérhverjum starfsmanni og sjálfböðaliða Rauða krossins um heim allan ber að starfa samkvæmt grundvallarmarkmiðunum.

MANNÚÐ

Alþjóðahreyfing Rauða krossins og Rauða hálfmánans, sem spratt upp af löngun til að veita þeim sem særst höfðu á orrustuvelli hjálp án manngreinarálits, reynir með alþjóðlegu starfi og starfi landsfélaga að koma í veg fyrir og létta þjáningar fólks hvar sem það er stadd. Tilgangur hreyfingarinnar er að vernda líf og heilsu og tryggja virðingu fyrir mannlegu lífi. Hún vinnur að gagnkvæmum skilningi, vináttu, samstarfi og varanlegum friði meðal allra þjóða.

ÓHLUTDRÆGNI

Hreyfingin gerir engan mun á milli manna eftir þjóðerni þeirra, uppruna, trúarbrögðum, kyni, stétt eða stjórnmálaskoðunum. Hún reynir að draga úr þjáningum einstaklinga og tekur þá eingöngu tillit til þarfa hvers og eins en veitir forgang þeim sem verst eru staddir.

HLUTLEYSI

Svo að hreyfingin megi áfram njóta almenns trausts, skal hún gæta hlutleysis í ófriði og aldrei taka þátt í deilum vegna stjórnmála, uppruna, trúarbragða eða hugmyndafræði.

SJÁLFSTÆÐI

Hreyfingin er sjálfstæð. Þótt landsfélög veiti aðstoð í mannúðarstarfi stjórnvalda og lúti lögum lands síns, verða þau ætíð að varðveita sjálfstæði sitt svo þau geti starfað í samræmi við grundvallarmarkmið hreyfingarinnar.

SJÁLFBOÐIN ÞJÓNUSTA

Hreyfingin er borin uppi af sjálfböðnu hjálparstarfi og lætur aldrei stjórnast af hagnaðarvon.

EINING

Í hverju landi má aðeins vera eitt landsfélag Rauða krossins eða Rauða hálfmánans. Það skal vera öllum opið og vinna mannúðarstarf um landið allt.

ALHEIMSHREYFING

Hreyfing Rauða krossins og Rauða hálfmánans nær um heim allan, og öll landsfélög hafa jafnan rétt og ábyrgð og sömu skyldur til gagnkvæmrar hjálpar.